



# Jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar

## Aðgerðaráætlun í jafnréttismálum 2023 – 2027

### 1. Inngangur

Seltjarnarnesbær leggur áherslu á að unnið sé að jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum sveitarfélagsins og þess samfélags sem þar er fyrir hendi. Seltjarnarnesbær gerir það meðal annars með því að setja sér eftirfarandi jafnréttisáætlun, sbr. 5. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 150/2020\*<sup>1</sup> (hér eftir nefnd jafnréttislög), þar sem fram koma verkefni með tilgreindum ábyrgðaraðila og tímaramma. Jafnréttisáætlunin skal vera grundvallar verkfæri innan Seltjarnarnesbæjar til að vinna að jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og tryggja þeim sem taka þátt í samfélaginu jöfn réttindi óháð stöðu og kyni.

Markmið jafnréttisáætlunar þessarar er að koma á og tryggja jafnrétti og jöfn tækifæri kynja og fólks með hlutlausu kynskráningu og gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Þá skulu allir einstaklingar eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Tilmælum er einnig beint til annarra aðila í sveitarfélaginu að tryggja jafnrétti.

Jafnréttisáætlunin byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 150/2020\*, með síðari breytingum, lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018\* og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018\*.

### 2. Hlutverk Seltjarnarnesbæjar og fjölskyldunefndar

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 151/2020 skulu sveitarstjórnir að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum, m.a. hvernig starfsfólki skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Hún skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn eftir það og hún endurskoðuð eftir þörfum. Bæjarstjórn hefur falið fjölskyldunefnd umsjón með gerð jafnréttisáætlunar.

Seltjarnarnesbær hefur sem sveitarfélag þrjúþætt hlutverk í samfélaginu, sem stjórnvald, sem vinnuveitandi og sem þjónustuveitandi. Jafnréttisáætlun þessi tekur mið af þessu þrjúþætta hlutverki.

---

\*með síðari tíma breytingum.

Fjölskyldunefnd hefur með höndum jafnréttismál innan bæjarfélagsins, nefndin starfar í umboði bæjarstjórnar og skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í málum er varða jafnrétti kynjanna og fólks með hlutlausa kynskráningu.. Fjölskyldunefnd skal fylgjast með stöðu kynjanna og þróun jafnréttismála í bæjarfélaginu, upplýsa bæjarstjórn, telji hún vanhöld vera á framkvæmd jafnréttisáætlunarinnar, og eiga frumkvæði að aðgerðum telji hún þess þörf.

Jafnréttisáætlunin skal endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Fjölskyldunefnd aflar upplýsinga um stöðu og þróun jafnréttismála í bæjarfélaginu, gerir úttekt á framkvæmd áætlunarinnar og leggur fyrir bæjarstjórn ásamt tillögum að úrbótum og endurskoðaðri áætlun innan árs frá sveitarstjórnarkosningum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Seltjarnarnesbær skal ávallt geta vísað í jafnréttisáætlun í samræmi við gildandi lög hverju sinni.	Skipun Fjölskyldunefndar í upphafi hvers kjörtímabils sem tryggja skal endurskoðun jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins	Bæjarstjórn	Við upphaf kjörtímabils, þegar bæjarstjórn hefur verið skipuð. Ath. endurskoðun getur átt sér stað hvenær sem er á tímabilinu eftir þörfum t.d. við setningu nýrra laga
Jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar skal vera í samræmi við gildandi lög hverju sinni.	Yfirferð og eftir atvikum endurskoðun jafnréttisáætlunar	Fjölskyldunefnd	Endurskoðun jafnréttisáætlunar skal lokið á fyrsta ári hvers kjörtímabils.
Jöfn hlutföll kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum	Taka saman upplýsingar um hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum.	Sviðsstjóri fjármálasviðs	Lokið í júní ár hvert.
	„Leitast skal við að hafa hlutfall kynja sem jafnast“	Bæjarstjórn	Lokið í ágúst ár hvert.
	Jafnrétti kynja haft að leiðarljósi við val á fulltrúum í vinnuhópa	Sviðsstjórar	Alltaf.

### 3. Umfang jafnréttisáætlunar og framkvæmd

Jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar nær til stjórnýslu bæjarins, allra starfsmanna, íbúa og annarra þeirra sem koma að samfélaginu. Áætlunin varðar einnig þjónustu, fræðslu og umönnun sem veitt er á vegum stofnana bæjarins. Auk þess eru tilmæli í áætluninni sem beint er til fyrirtækja og starfsemi sem er óháð rekstri bæjarins.

Til þess að framfylgja jafnréttisáætlun og verkefnum á sviði jafnréttismála skal gert ráð fyrir framlagi á fjárhagsáætlun á ári hverju. Fjölskyldunefnd kallar til ráðgjafar og samstarfs þá starfsmenn sem hún telur nauðsynlegt óháð því á hvaða sviði þeir starfa. Þverfagleg vinna auðveldar samþættingu jafnréttissjónarmiða við aðra meginstarfsemi bæjarfélagsins. Lögð er áhersla á að öll svið og stofnanir bæjarins framfylgi jafnréttisáætluninni með markvissum hætti.

Öllum stjórnendum, kjörnum fulltrúum, nefndarmönnum, stofnunum, sviðum og deildum Seltjarnarnesbæjar ber að vinna samkvæmt jafnréttisáætlun þessari og stuðla að jafnrétti kynjanna í allri starfsemi á vegum Seltjarnarnesbæjar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin skal öllum kunn.	Kynning jafnréttisáætlunar fyrir stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins sem og fyrir fyrirtækjum og íbúum í sveitarfélaginu	Bæjarstjórn, fjölskyldunefnd, yfirmenn sviða og stofnana.	Jafnhliða útgáfu endurskoðaðrar jafnréttisáætlunar. Lok maí 2023.

### 4. Seltjarnarnesbær sem stjórnvald

#### 4.1. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera

Við skipan í nefndir, vinnu- og starfshópa, ráð og stjórnir á vegum Seltjarnarnesbæjar skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa að ræða sbr. 44. og 45. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum og 15. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Sama á við um stjórnir fyrirtækja sem sveitarfélagið er eigandi að.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum sem jafnast, ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.	Fylgjast með skipan í ráð og nefndir m.t.t. að markmiðum sé náð	Sviðsstjóri fjármálasviðs	Í kjölfar hverra kosninga og síðan viðvarandi
Jafnt kynjahlutfall í ráðum og nefndum	Taka skal saman upplýsingar um	Fjölskyldunefnd	Lokið í maí 2023

	kynjahlutfall í öllum nefndum, hópum og stjórnnum á vegum Seltjarnarnesbæjar fyrst eftir að sveitarstjórn kemur saman og svo árlega eftir það.		
Jafnt kynjahlutfall í ráðum og nefndum	Leiðrétta skal hlutfall kynja í nefndum, hópum og stjórnnum ef á hallar.	Fjölskyldunefnd Bæjarstjóri	Árið 2023

## 5. Kyngreindar upplýsingar – greining á tölfræðiupplýsingum

Við gagnaöflun, greiningu og undirbúning töku ákvarðana skal ávallt greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því. Þá skal ávallt gæta að þörfum, viðhorfum og áhrifum á kynin. Gildir það bæði um sértæka þjónustu og almenna þjónustu.

Starfsemi sem nýtur styrkja frá bæjarfélaginu skal einnig skila kyngreindum upplýsingum um þátttakendur/notendur svo sem iðkendur íþróttar.

Kyngreindar upplýsingar skulu nýttar við gerð fjárhagsáætlunar og starfsáætlana. Þær eiga að vera aðgengilegar og birtar líkt og önnur tölfræði í ársskýrslum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Aðgengilegar upplýsingar	Við gagnaöflun, greiningu, undirbúning og ákvarðanatöku skal kyngreina upplýsingar og birta og tryggja aðgengileika þeirra þar sem það á við.	Sviðsstjórar og stjórnendur	Viðvarandi

## 6. Kynjasambætting

Kynjasambætting er skilgreind í 2. gr. laga um jafna stöðu kynjanna) sem sú aðgerð „Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“

Kynjasambættingar skal gætt við alla ákvarðanatöku, stefnumótun og áætlanagerð sem fram fer á vegum Seltjarnarnesbæjar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjajafnrétti á öllum sviðum	Fræðsla eða námskeið fyrir bæjarstjóra, stjórnendur og starfsmenn um jafnréttislögin og kynjasambættingu	Bæjarstjóri	Viðvarandi
Kynjajafnrétti á öllum sviðum	Gátlisti vegna kynjasambættingar útbúinn og notaður í stefnumótunarferlum og við áætlanagerð	Sviðsstjórar	Viðvarandi
Kynjajafnrétti á öllum sviðum	Í erindisbréfum verði texti þar sem vakin er athygli á jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar	Formenn nefnda og sviðsstjórar	Við endurskoðun erindisbréfa fyrir lok 1. sept 2023
Kynjajafnrétti á öllum sviðum	Kynja- og jafnréttissjónarmið séu samtvinnuð við fjárhagsáætlanagerð	Sviðsstjóri fjármálasviðs	Viðvarandi

## 7. Seltjarnarnesbær sem vinnuveitandi

Hjá sveitarfélaginu er fyrir hendi aðgerðarbundin jafnréttisáætlun þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindi skv. 4.-15. gr. jafnréttis laga.

## 8. Jafnræði á vinnustaðnum

Stjórnendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna hjá sveitarfélaginu og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum sem og almennt innan vinnustaðarins.

Stjórnendur skulu gæta þess að jafnrétti endurspeglast í ákvörðunum þeirra við ráðningar, laun, önnur kjör, uppsagnir, tilfærslur í störfum, verkefnum og viðfangsefnum þeim er starfsmönnum er ætlað að sinna. Stefnt skal að svipuðu hlutfalli kynjanna á vinnustöðum bæjarins.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnræði á vinnustaðnum	Taka saman skýrslu um stöðu kynjanna hjá sveitarfélaginu sem vinnustaðar og	Fjölskyldunefnd	Fyrir mitt kjörtímabil

	fylgja eftir úrbótum, ef þörf krefur		
Tryggja rétt fólks með fötlun á vinnustöðum og skapa fordómalaust andrúmsloft í garð einstaklinga með fötlun	Umsækjandi með fötlun skal njóta forgangs í störf hjá bænum sé hann jafn hæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur, sbr. lög 38/2018,22. gr.	Mannauðsstjóri og umsjónarmaður málefna fatlaðs fólks	Alltaf
Fólki með mismunandi starfsgetu verði í auknum mæli gert kleift að starfa hjá Seltjarnarnesbæ	Auka samstarf við úrræðið „Atvinna með stuðningi“	Stjórnendur, mannauðsstjóri umsjónarmaður málefna fatlaðs fólks	Alltaf
	Greina til hvaða ráðstafana þarf að grípa svo hægt sé að auka framboð starfa fyrir fólk með skerta starfsgetu	Stjórnendur og mannauðsstjóri	Alltaf
	Aðgerðaráætlun með markmiði um fjölda starfa	Stjórnendur og mannauðsstjóri	Alltaf
Tryggja starfsfólki af erlendum uppruna jafnræði og jafnrétti á við annað starfsfólk bæjarins	Innflytjendur og fólk af erlendum uppruna njóti jafnréttis í hvívetna í ráðningarferli og öllum kjörum og réttindum	Stjórnendur og mannauðsstjóri	Alltaf

## 9. Launajafnrétti

Jafnréttislög kveða á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Framkvæma skal launagreiningu einu sinni á kjörtímabilinu. Mannauðsstjóri og launadeild framkvæma könnunina. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði, sbr. 19. gr. laga nr. 150/2020. Starfsmönnum er ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------

Launajafnrétti	Jafnlaunastefna	Bæjarstjórn, bæjarstjóri og sviðsstjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs.	Fyrir 31. .desember ár hvert.
Launajafnrétti	Launagreining	Bæjarstjóri og mannauðs- og launadeild	Fyrir 1. desember ár hvert
Launajafnrétti	Jafnlaunavottun	Bæjarstjórn, bæjarstjóri og sviðsstjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs.	Fyrir 31. desember á þriggja ára fresti
Launajafnrétti	Viðhald jafnlaunavottunar	Bæjarstjóri, sviðsstjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs	Í nóvember ár hvert fer fram viðhaldsúttekt.
Launajafnrétti	Bregðast við ábendingum um óútskýrðan launamun og leiðréttu án tafar	Sviðsstjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs, mannauðs- og launadeild	Viðvarandi

## 10. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Lausar stöður hjá bæjarfélaginu skulu ávallt auglýstar til umsóknar og vera aðgengilegar öllum. Starf sem auglýst er skal standa opið jafnt öllum. Á þeim vinnustöðum þar sem eitt kyn er ráðandi skal koma fram hvatning annarra sem eru í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um laus störf.

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf hjá Seltjarnarnesbæ skulu standa opin öllum kynjum	Í starfsauglýsingum eru allir hvattir að sækja um starfið	Mannauðsstjóri	Alltaf þegar laust starf er auglýst
Tryggja skal að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum	Greining á sókn kynjanna í sambærilegum störfum í starfsþjálfun,	Mannauðsstjóri	Lokið í apríl ár hvert

	endurmenntun, og símenntun		
--	----------------------------	--	--

## 11. Samspil atvinnu og fjölskyldulífs

Stuðla skal að sem bestu samspili atvinnu og fjölskyldulífs meðal íbúa og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar.

Seltjarnarnesbær leggur áherslu á nauðsynlegar ráðstafanir til að gera öllum kynjum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Í starfsmannastefnu Seltjarnarnesbæjar kemur m.a. fram að það er stefna Seltjarnarnesbæjar að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn, að starfsfólk geti að öllu jöfnu sinnt daglegum störfum sínum á dagvinnutíma og að gætt sé samræmis milli starfs- og fjölskylduábyrgðar.

Leitast skal við að gera starfsfólki kleift, eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa, að minnka starfshlutfall og/eða vinna á sveigjanlegum vinnutíma, s.s. vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna eða fjölskylduábyrgðar, t.d. vegna umönnunar barna eða veikinda í fjölskyldu starfsmanns. Tekið skal tillit til kvenna á meðgöngutíma og foreldra við umönnun ungbarna. Starfsmenn skulu einnig hafa möguleika á sveigjanlegu orlofi eftir því sem við verður komið.

Tryggja skal að unnið sé að framangreindum markmiðum án tillits til kyns starfsmanna.

Markmið	/Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stuðla skal að sem bestu samspili atvinnu og fjölskyldulífs meðal íbúa og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar.	Kynna starfsmannastefnu Seltjarnarnesbæjar og jafnréttisáætlun fyrir starfsmönnum, stofnunum, atvinnurekendum og íbúum Seltjarnarnesbæjar og birta á heimasíðu bæjarins	Fjölskyldunefnd	Þegar endanlega staðfest af bæjarstjórn
Stuðla skal að sem bestu samspili atvinnu og fjölskyldulífs meðal íbúa og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar	Tilboð bæjarins til foreldra og barna um frístundir og skólastarf skulu miða að sem bestu samspili atvinnu- og fjölskyldulífs, með þroska og	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Viðvarandi



	mótun barnanna í fyrirrúmi.		
Stuðla skal að sem bestu samspili atvinnu og fjölskyldulífs meðal íbúa og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar	Starfsmannasamtöl	Viðkomandi yfirmaður sem tekur starfsmannasamtal	Viðvarandi
Stuðla skal að sem bestu samspili atvinnu og fjölskyldulífs meðal íbúa og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar.	Aðrir vinnuveitendur í bæjarfélaginu eru hvattir til þess að gera slíkt hið sama.	Yfirmenn fyrirtækja, stofnana og starfsstöðva	Viðvarandi

## 12. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Seltjarnarnesbæjar.

Starfsmenn bæjarins og forsvarsmenn íþrótta- og æskulýðsstarfs bera ábyrgð á að þess sé gætt að starfsfólk, nemar, iðkendur og aðrir notendur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegu áreitni eða kynbundnu áreitni. Til að koma í veg fyrir ofbeldi og áreitni skal veita fræðslu til yfirmanna á vinnustöðum Seltjarnarnesbæjar og forsvarsmanna íþrótta- og æskulýðsstarfs sem þeir miðla áfram til starfsmanna. Verði uppvíst um slíka hegðun ber að gera viðkomandi yfirmanni eða trúnaðarmanni viðvart og skal endir bundinn á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Endurtekin áreitni/ofbeldi varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustöðum sveitarfélagsins	Gerð og kynning stefnu og áætlunar í málum er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi.  Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni fyrir stjórnendur og starfsfólk	Fjölskyldunefnd Sviðsstjórar Mannauðsstjóri stjórnendur vinnustaða bæjarins og forsvarsfólk íþrótta- og æskulýðsstarfs.	Viðvarandi

Forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé yfirfarin og eftir atvikum endurskoðuð og sé í stöðugri þróun og endurskoðun	Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun.  Áætlunin kynnt fyrir öllu starfsfólki og stjórnendum  Tekin sé saman skýrsla ár hvert um stöðu málaflokksins hjá sveitarfélaginu	Fjölskyldunefnd Sviðsstjórar Mannauðsstjóri	Lokið í mars 2024
--	--	---	-------------------

### 13. Seltjarnarnesbær sem veitandi þjónustu

Seltjarnarnesbær starfrækir ýmsa þjónustu fyrir bæjarbúa, bæði lögbundna og ólögbundna þjónustu sem mörkuð er með ákvörðunum bæjarstjórnar, s.s. þjónustu við börn, ungmenni og aldraða. Allir skulu eiga jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins óháð kyni, kynferði, kynhneigð, þjóðerni, trúarbrögðum, fötlun, aldri o.s.frv.

Skipuleggja skal þjónustu Seltjarnarnesbæjar við alla hópa þannig að gætt sé að jafnræðissjónarmiðum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnræðissjónarmið i þjónustu	Taka saman skýrslu um aðgengi íbúa og þjónustuþega í sveitarfélaginu að tómsundastarfi og lögbundinni og ólögbundinni þjónustu	Fjölskyldunefnd	Fyrir lok maí 2024
Jafnræðissjónarmið i þjónustu	Bregðast við niðurstöðu skýrslu fjölskyldunefndar og jafna eins og mögulegt er aðgengi allra að lögbundinni og ólögbundinni þjónustu innan sveitarfélagsins	Fjölskyldunefnd Bæjarstjórn	Fyrir lok september 2024
Jafnræðissjónarmið í þjónustu	Jafna eins og mögulegt er hlutfall kynja í	Fjölskyldunefnd Bæjarstjórn	Viðvarandi

	tómstundastarfi innan sveitarfélagsins		
--	--	--	--

#### 14. Fræðsla og leiðsögn

Seltjarnarnesbær skal hafa frumkvæði að fræðslu um jafnréttismál og leiðum til þess að jafna stöðu allra kynja og tryggja að afurðir fræðslu séu aðgengilegar öllum. Öllum starfsmönnum bæjarins skal standa slík fræðsla til boða. Einnig skulu þeir eiga rétt á ráðgjöf og leiðsögn við einstök mál.

Fréttaflutningur og umfjöllun á vefsíðu bæjarfélagsins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fjölbreytt og vönduð fræðsla	Fræðsla til íbúa um stöðu kynjanna	Fjölskyldunefnd, menningar- og samskiptasvið.	Viðvarandi
Fjölbreytt og vönduð fræðsla	Fræðsla til starfsmanna og ráðgjöf varðandi einstök mál	Fjölskyldunefnd Sviðsstjóri fjölskyldusviðs	Viðvarandi

#### 15. Menntun, skólastarf og uppeldi

Gæta skal kynjasambættingar í allri stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, sem og í öllu íþróttá- og tómstundastarfi innan sveitarfélagsins. Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum Seltjarnarnesbæjar er hvers konar mismunur á grundvelli kyns óheimil. Skyld er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Sjálfstyrking skal vera hluti af námi á öllum skólastigum ásamt skyldum og réttindum. Nauðsynlegt er að starfsfólk gefi gott fordæmi, að það sé góðar fyrirmyndir og stuðli að jafnrétti í orði og verki. Í skólastofunni er mikilvægt að kennari leggi fyrir fjölbreyttar gerðir verkefna sem höfði til mismunandi nemendahópa. Í námsgeinum þar sem kynjunum gengur almennt misvel að tileinka sér námsefnið skal markvisst reynt að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dáða. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Seltjarnarnesbær skal leitast við að styðja og stuðla að rannsóknum á stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins og í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegra grunnrannsókna sem og hagnýtra rannsókna. Miðla skal niðurstöðum þeirra og upplýsingum um rannsóknir markvisst innan samfélagsins, skólastarfs og til fjölmiðla.

Markmið/	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fjölbreytt og vönduð fræðsla	Fræðsluáætlun vegna jafnréttismála	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs	Fyrir lok ágúst ár hvert
Fjölbreytt og vönduð fræðsla	Fræðsla um jafnréttismál til nemenda og iðkenda íþrótta sem starfræktar eru innan Seltjarnarnesbæjar. Taka skal mið af einstaklingssjónarmiðum við skipulag og framkvæmd fræðslu- og frístundastars.	Sviðsstjóri fræðslusviðs, skólastjórnendur leik- grunn- og tónlistarskóla, forsvarsmenn félagsmiðstöðva og íþróttafélagsins Gróttu	Viðvarandi
Taka skal tillit til ólíkra þarfaeinstaklinga þegar kemur að skipulagi kennslu og framsetningu námsefnis	Helga kennarafund kennslu og framsetningu námsefnis.	Stjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla	A.m.k. einu sinni á hverju skólaári
Markvisst skal unnið að afnámi kynbundins ofbeldis, kynferðislegrar áreitni, eineltis- og annarrar áreitnishegðunar á vinnustöðum Setjarnarnesbæjar	Forstöðumenn á hverjum vinnustað fylgi viðbragðsáætlunum Seltjarnarnesbæjar um um einelti og kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. <a href="https://www.seltjarnarnes.is/static/files/Stjornsysla/Stefnur/einelti_stefna-og-aaetlun-seltjarnarnesbaejar-i-malum-er-varda-einelti.pdf">https://www.seltjarnarnes.is/static/files/Stjornsysla/Stefnur/einelti_stefna-og-aaetlun-seltjarnarnesbaejar-i-malum-er-varda-einelti.pdf</a> . Forstöðumenn og aðrir starfsmenn vinni markvisst að því að afmá kynbundið ofbeldi,	Mannauðsstjóri og stjórnendur / forstöðumenn starfsstöðva.	Alltaf

	<p>kynbundin áreiti, kynferðislega áreitni, eineltis- og aðra áreitnishegðun á vinnustöðum Setjarnarnesbæjar.</p> <p>Viðbragðsáætlanir skulu kynntar nýjum starfsmönnum á nýliðakynningum og öllum starfsmönnum eftir þörfum.</p> <p>Stefna Seltjarnarnesbæjar í málaflokknum um einelti og áreitni sé sýnileg á öllum vinnustöðum</p>		
<p>Markvisst skal unnið að afnámi staðalmynda og kynhlutverks</p>	<p>Kenna börnum og ungmönnum að þekkja og horfa gagnrýnum augum á kynjuð skilaboð sem stöðugt berast frá samfélaginu.</p> <p>Vekja athygli á á staðalímyndum og kynhlutverkum og birtingarmyndum þeirra.</p> <p>Kynna fjölbreytt og ólík störf og starfsvettvanga. Hvetja þau til að fylgja áhugasviði sínu</p>	<p>Stjórnendur í leik- og grunnskólum.</p> <p>Fjölskyldusvið.</p>	<p>Viðvarandi</p>
<p>Starfsfólk í skólum og frístund skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun í að búa nemendur undir</p>	<p>Skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk til að mæta fræðsluþörf.</p>	<p>Stjórnendur skóla og frístundastarfs</p>	<p>Árlega</p>

Þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi			
--	--	--	--

## 16. Jafnréttisviðurkenning

Fjölskyldunefnd veitir einu sinni á hverju kjörtímabili fyrir hönd bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða fyrirtækis í bæjarfélaginu sem mest hefur unnið að framgangi jafnréttisáætlunarinnar og/eða sýnt jafnréttismálum sérstakan alhug í verki.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að veita viðurkenningu fyrir vinnu að jafnréttismálum og að auka sýnileika þeirra	Viðurkenning fyrir störf í þágu jafnréttismála	Fjölskyldunefnd	Fyrir maí 2026

## 17. Gildistími, eftirfylgni, endurskoðun og kynning

Áætlun þessi gildir frá samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness þann dd. mm. 2023 þar til ný áætlun verður samþykkt í upphafi næsta kjörtímabils í síðasta lagi ári eftir kosningar (júní 2027). Með samþykkt áætlunar þessarar fellur úr gildi eldri jafnréttisáætlun sem samþykkt var í bæjarstjórn 22. janúar 2020.

Jafnréttisáætlunina skal kynna fyrir íbúum, kjörnum fulltrúum, fyrirtækjum, stofnunum, stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins og vera aðgengileg öllum á heimasíðu bæjarins.

Markmið/	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin skili tilætluðum árangri	Taka árlega saman skýrslu yfir aðgerðir skv. áætlun þessari	Fjölskyldunefnd	Lokið í nóvember ár hvert
Endurskoðun og þróun jafnréttisáætlunar	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannanna.	Fjölskyldunefnd	Lokið í apríl ár hvert
Kynning jafnréttisáætlunar	Kynning jafnréttisáætlunar fyrir stjórnendum sveitarfélagsins og	Fjölskyldunefnd í samráði við bæjarstjóra og sviðsstjóra	Lokið í nóvember 2023

	starfsmönnum, stéttarfélögum, kjörnum fulltrúum og embættismönnum.	menningar- og samskiptasviðs.	
Birting jafnréttisáætlunar	Opinber birting jafnréttisáætlunar og kynning hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins.	Fjölskyldunefnd í samráði við bæjarstjóra og sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs.	Lokið í nóvember 2023

Samþykkt í fjölskyldunefnd 21.11.2023 og vísað til bæjarráðs.

Samþykkt í bæjarstjórn 24.01.2024.